

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur að undangenginni málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt eftirtaldar óverulegar breytingar á deiliskipulagi:

*Stórikriki 57.*

Breyting á deiliskipulagi Krikahverfis, áður síðast breyttu 17. júlí 2008. Skipulagsbreytingin felst í því að gera ráð fyrir allt að 60 m<sup>2</sup> aukaíbúð í einbýlishúsi á lóðinni Stórakrika 57. Samþykkt í bæjarstjórn 28. september 2011.

*Frístundalóð úr landi Lynghóls, landnúmer 125325.*

Breyting á deiliskipulagi lóðarinnar, sem samþykkt var 4. október 2006. Skipulagsbreytingin felst í stækkun byggingarreits fyrir frístundahús um 3,5 m til austurs. Samþykkt í bæjarstjórn 17. ágúst 2011.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*Mosfellsbæ, 17. nóvember 2011.*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.